

Sunnudagur 4. júní

DV



SJÓNVARPIÐ

- Sjómanna dagurinn
- 08.25 **Hámessa Jóhannesar Páls páfa II.** Bein útsending frá hámessu við Kristskirkju í Landakoti. Séra Bernharður Guðmundsson lýsir í beinni útsendingu. Stjórnandi útsendingar Andrés Indriáson.
- 11.20 **Hlé.**
- 17.50 **Sunnudagshugvekja.** Þórunn Magna Magnúsdóttir leikari flytur.
- 18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Arný Jóhannsdóttir.
- 18.50 **Tákn málsfréttir.**
- 19.00 **Roseanne** (Roseanne). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
- 19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
- 20.30 **Fjarkinn.** Dregið úr innendum miðum í happdrætti Fjarkans.
- 20.40 **Vatnsleysuveldið** (Dirtwater Dynasty). Þriðji þáttur. Ástralskur myndaflokkur í tíu þáttum. Leikstjóri Michael Jenkins. Aðalhlutverk Hugo Weaving, Victoria Longley, Judy Morris, Steve Jacobs og Dennis Miller. Þýðandi Jóhanna Þránsdóttir.
- 21.30 **Sjómanna dagurinn í 50 ár.** Ný islensk heimildarmynd, gerð af Gísla Gestssyni.
- 22.00 **Frækileg ferð** (Burke and Wills). Áströlsk kvikmynd frá 1986. Leikstjóri Graeme Clifford. Aðalhlutverk Jack Thompson, Nigel Haves, Greta Scacchi og Ralph Cotterill. Myndin, sem byggist á sannsögulegum atburðum, gerist um miðja síðustu öld og segir frá könnunarleiðangri undir stjórn Roberts Burke og William John Wills sem freistuðu þess að fara fyrstir hvítra manna þvert yfir auðnir Ástralíu. Þýðandi Ellert B. Sigurbjörnsson.
- 00.20 **Útvarpsfréttir í dagskrárlök.**



STÖÐ 2

- 9.00 **Högni hrekkvísí.** Teiknimynd.
- 9.20 **Alli og ikornamir.** Teiknimynd.
- 9.45 **Latöl Lokkaprúð.** Falleg teiknimynd.
- 9.55 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
- 10.10 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
- 10.30 **Drekar og dýflissur.** Teiknimynd.
- 10.55 **Smygl.** Smuggler. Breskur framhaldsmyndaflokkur í þrettán þáttum fyrir börn og unglínga. 9 hluti.
- 11.20 **Albert feiti.** Skemmtileg teiknimynd með Albert og öllum vinum hans.
- 11.45 **Óháða rokkið.** Tónlistarþáttur.
- 13.00 **Mannlíkaminn.** Living Body. Einstaklega vandaðir þættir um mannslíkamann. Endurtekkið.
- 13.30 **Monte Carlo.** Endurtekin ný bandarísk framhaldsmynd. Seinni hluti. Aðalhlutverk: Joan Collins, George Hamilton, Malcolm McDowell og Peter Vaughan.
- 15.00 **Leyndardómar undirdjúpanna.** Discoveries Underwater. Einstaklega fróðlegir og skemmtilegir þættir teknir meðansjárvar.
- 16.00 **Golf.** Stöð 2 sýnir frá alþjóðlegum stórmótum um víða veröld. Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.
- 17.10 **Listamannaskálinn.** South Bank Show. Paul Bowles.
- 18.05 **NBA-köruboltiinn.** Heimur Karlsson og Einar Bollason mæta með leiki vikunnar úr NBA-deildinni.
- 19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og frískleg umfjöllun um málefni líðandi stundar.
- 20.00 **Páfinn á Íslandi.** Dagur í lífi páfa á Íslandi. Umsjón: Sigurveig Jónsdóttir og Þórir Guðmundsson.
- 20.20 **Svaðilfarir í Suðurhöfum.** Tales of the Gold Monkey. Ævintýrlegur framhaldsmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Roddy McDowall og Jeff Mackay.
- 21.15 **Max Headroom.** Atriði í þessum þætti eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.05 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.

- 22.50 **Á síðasta snúning.** Running Scared. Gálghúmorinn er í hávegum hafður, enda ekki að því að spyrja þegar háðfuglarnir Billy Crystal og Gregory Hines rugla saman reytingu og fara á kostum frá Chicago til Flórída. Aðalhlutverk: Gregory Hines, Billy Crystal og Steven Bauer. Ekki við hæfi barna.
- 0.30 **Dagskrárlök.**

Rás 1
FM 92,4/93,5

- 7.45 **Útvarp Reykjavík, góðan dag.**
- 7.50 **Morgunandakt.** Séra Ingiberg J. Hannesson, prófastur á Hvoli í Saurbæ, flytur ritningarorð og bæn.
- 8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
- 8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
- 8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Þórunni Magnu Magnúsdóttur leikkonu. Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins. Lúkas 14, 16-24.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.**
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.25 **Sjómennskan er ekkert grín.** Örn Ingi spjallar við sjómenn. (Frá Akureyri.)
- 11.00 **Minnngarguðsþjónusta í Dómkirkjunni í Reykjavík.**
- 12.10 **Dagskrá.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.00 **Síldarævintýrið á Siglufirði.** Fyrsti þáttur af sex í umsjá Páls Heiðars Jónssonar og Kristjáns Róberts Kristjánssonar.
- 14.00 **Frá útsamkomu sjómanna dagsins við Reykjavíkurbörn.** Fulltrúar ríkisstjórnar, útgerðarmanna og sjómanna flytja ávörp. Aldraðir sjómenn heiðraðir.
- 15.00 **Sextíu þúsund tonn.** Pétur Pétursson ræðir við Ása í Bæ. (Aður útvarpað í febrúar 1976.)
- 15.15 **Sjómannaölög.**
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Umhverfis jörðina á 33 dögum.** Fyrri þáttur. Umsjón: Anna Ólafsdóttir Björnsson.
- 17.00 **Það gefur á bátinn.** Svavar Gests kynnir nokkur islensk sjómannaölög og talar við nokkra höfundu þeirra. (Aður útvarpað á sjómanna daginn 1974.)
- 18.10 **Út í hött** Með Illuga Jökulssyni.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.31 **Abættir – tónlist af ýmsu tagi.**
- 20.00 **Sagan: Vala eftir Ragnheiði Jónsdóttur.** Sigrún Edda Björnsdóttir les annan lestur.
- 20.30 **Íslensk tónlist** eftir Kjartan Ólafsson, Gunnar Reyni Sveinsson, Atla Ingólfsson, Áskel Mátsson og Lárus Halldór Grímsson.
- 21.10 **Lítið eitt um Bartók.** Umsjón: Árni Heimur Ingólfsson. (Aður útvarpað í febrúar sl.)
- 21.30 **Útvarpsþaginn: Papalangi – hvíti maðurinn.** Erich Scheurmann skrásetti frásögnina eftir pólynesíska höfðingjanum Tu-ia-ivii. Árni Sigurbjörnsson byrjar lestur þýðingar sinnar.
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvóldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Harmóníkubáttur.** Umsjón: Bjarni Marteinson.
- 23.00 **Í tilefni páfaheimsóknar.** Þorvaldur Friðriksson stjórnar umræðuþætti.
- 24.00 **Fréttir.**
- 0.10 **Danslög að kvöldi sjómanna dags.**
- 1.00 **Veðurfregnir.**
- 1.10 **Næturútvarp** á báðum rásum til morguns.



- 8.30 **Hámessa Jóhannesar Páls páfa II.** Beint útvarp frá hámessu við Kristskirkju í Landakoti. Séra Sigurður Sigurðarson kynnir.
- 11.00 **Úrval.** Úr dægu:málaútvarpi vikunnar á Rás 2.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 13.00 **Paul McCartney og tónlist hans.** Skúli Helgason kynnir. (Einnig

- útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 14.00 **Tónlistarþáttur Áslaugar Dóru Eyjólfsdóttur.**
- 16.05 **Söngleikir í New York – Vofan í óperunni.** Árni Blandon kynnir söngleikinn The Phantom at the Opera eftir Andrew Lloyd Webber.
- 17.00 **Tengja** Kristján Sigurbjörnsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri.)
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
- 1.00 **Næturútvarp** á báðum rásum til morguns.
- Næturútvarpið**
- 1.00 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
- 2.00 **Fréttir.**
- 2.05 **Djassþáttur** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi.)
- 3.00 **Rómantíski róbótinn.**
- 04.00 **Fréttir.**
- 4.05 **Á veltvangi** (úrval úr þjóðmálaþáttum vikunnar á Rás 1.)
- 4.30 **Veðurfregnir.**
- 4.35 **Næturnótur.**
- 5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 6.01 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.



- 9.00 **Haraldur Gíslason.** Hrífandi morguntónlist sem þessi morgunglæði dagskrágerðarmaður sér um að raða undir nálna. Förun snemma á fætur með Harósnúna Halla!
- 13.00 **Ólafur Már Björnsson.** Þægileg tónlist er ómissandi hluti af helgarstemningunni og Ólafur Már kann sitt fag.
- 18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokinn. Ómissandi við útigrillið!
- 24.00 **Næturdagskrá.**



- 9.00 **Sigurður Helgi Hlökkverson.** Fjör við fönninn. Skínandi góð morgunlög sem koma öllum hlustendum í gott skap og fram úr rúminu.
- 14.00 **Margrét Hrafnadóttir** fer með hlustendum í bíltúr, kíkir í ísbúðirnar og leikur góða tónlist. Margrét sér okkur fyrir skemmtilegri sunnudagsdagskrá með ýmsum óvæntum uppákómum.
- 17.00 **Sagan á bak við lögin.** Þáttaröð í umsjá Helgu Tryggvadóttur og Þorgeirs Astvaldssonar.
- 18.00 **Kristófer Helgason.** Helgin senn úti og virku dagarnir framundan. Góð og þægileg tónlist í helgarlokinn.
- 24.00 **Næturstjórnur.**



- 10.00 **Sigildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist.
- 12.00 **Jazz & blús.**
- 13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Þorssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
- 15.00 **Elds er þórt.** Vinstrisósíalistar. E.
- 16.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök. E.
- 17.00 **Á mannlegu nótonum.** Umsjón: Flokkur mannsins.
- 18.00 **Laust.**
- 18.30 **Mormónar.** E.
- 19.00 **Sunnudagur til sælu.** Umsjón: Gunnlaugur, Þór og Ingó.
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
- 21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Árna Kristinssonar.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt.**

ALFA
FM-102,9

- 14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekkið frá þriðjudegi.
- 15.00 **Blessandi tónar.** Guð er hér og vill finna þig.
- 21.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins – endurtekkið frá fimmtudegi.
- 22.00 **Blessandi boðskapur** í margvislegum tónum.
- 24.00 **Dagskrárlök.**



- 4.30 **Fugl Baileys.** Ævintýrasería.
- 5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
- 6.00 **Grínidjón.** Barnaefni.
- 10.00 **Íþróttarþáttur.**
- 11.30 **Tiskubáttur.**
- 12.00 **Decision Before Dawn.** Kvikmynd.
- 14.00 **Beyond 2000.** Vísindarþáttur.
- 15.00 **Big Valley.** Vestrasería.
- 16.00 **Joannie Loves Chachi.** Gamanþáttur.
- 16.30 **Eight Is Enough.** Gamanþáttur.
- 17.30 **Sky Star Search.** Hæfileika-keppi.
- 19.00 **Family Ties.** Gamanþáttur.
- 19.30 **The Bounty Man.** Kvikmynd.
- 21.00 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaíðnaðinum.
- 22.00 **John Foggerty.** Þáttur um söngvarann og gítarleikarann.
- 22.30 **Poppþáttur.**



- 15.00 **The Bible.**
- 18.00 **Miracles.**
- 19.30 **Maxie.**
- 21.00 **Breathless.**
- 23.00 **FX – Murder By Illusion.**



- 9.30 **Trans World Sport.** Fréttir og fleira.
- 10.30 **Tennis.** Opna franska meistaramót.
- 12.30 **Golf.** British Master.
- 14.30 **Tennis.** Opna franska meistaramót.
- 16.30 **Eurosport Menu.**
- 17.00 **Eurosport – What a Week!** Litid á helstu viðburði síðastliðinnar viku.
- 18.00 **Tennis.** Opna franska meistaramót.
- 19.00 **Golf.** British Master.
- 20.30 **Kappakstur.** Formula 1 keppni í Mexíkó.
- 22.30 **Mótorhjólakappakstur** Grand Prix í Austurríki.



- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 9.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
- 10.00 **Tiskubáttur.**
- 10.30 **Today's World.**
- 11.00 **Trúarþáttur.**
- 11.30 **Blake's Seven.** Vísindaskáldskapur.
- 12.30 **Salvage One.** Gamanþáttur.
- 13.30 **Euro Magazine.**
- 13.45 **Tónlist og tíska.**
- 15.30 **Veröldin á morgun.**
- 16.00 **European Business Weekly.** Viðskiptaþáttur.
- 16.30 **Roving Report.** Fréttaskýringarþáttur.
- 17.00 **Poppþáttur.**
- 18.00 **Breski vinnsladalstinn.**
- 19.00 **Twilight Zone.**
- 20.00 **Körubolti.** Úrslitakeppni í NBA.
- 20.55 **Alvarez Kelly.**
- 22.30 **Tíska og tónlist.**



PURRUBLÖBIN VERÐA AD VERA ÓSKEMMD
og þau þarf að hreinsa reglulega.
Slitni þurrublöð margfalda áhættu í umferðinni.

UMFERDAR RÁÐ

Sjónvarp kl. 20.40:

Vatnsleysuveldið

Þriðji þátturinn í ástralska myndaflokknum Vatnsleysuveldið (Dirtwater Dynasty) verður í sjónvarpinu í kvöld. Í fyrstu tveimur þáttunum höfum við fylgst með baráttu hins fátæka Richard Eastwick í Ástralíu. Hann kom þangað með tvær hendur tómar og hefur lítið eignast síðan. Að vísu fékk hann sama sem gefins risajörð. Gallinn er bara sá að jörðin er nær eingöngu eyðimörk sem enginn getur lifað á. Eastwick hefur þó öðlast dýrmæta reynslu í samskiptum við frumbyggja og hvíta drotnara og tákn eru um að í næstu þáttum bíði hans betri tímar.

Þáttaröðin er geysifyrgrípsmikil, spannar ein áttatíu ár og nær yfir þrjú ættliði. Ástralumenn hafa gert margar góðar myndaseríur og verður Vatnsleysuveldið að teljast með



Richard Eastwick (Hugo Weaving) kemur slyppur og snauður til Ástralíu og kynnist fljótt lífi sem aðeins á við harðgerðustu menn.

þeim betri. Fer þar saman efnismikil þáttaröð og persónur sem öðlast líf hjá áhorfendum. Þættirnir eru tíu talsins og fylgst er með Eastwick, ættingjum og afkomendum hans sem og vinum og óvinum.

-HK

Sjónvarp kl. 22.00:

Frækileg ferð

Frækileg ferð (Burke and Wills) er byggð á sannsögulegum staðreyndum og fjallar um leiðangur sem 20. janúar 1860 setti stefnuna á að komast fyrstir hvíttra manna yfir Mið-Ástralíu. Fyrir leiðangrinum voru tveir ævintýramenn sem vonuðust til að geta snúið við með sögur af auðugu landi með gresjum svo langt sem augað eygði.

Í stað þess lenti leiðangurinn, sem var undir stjórn Robert O'Hara, Burke og

William John Wills, í hinum mestu hrakningum í yfirreið þeirra yfir landið.

Leiðangurinn, sem í voru 19 menn, hafði með sér 21 tonn af farangri og fór 3700 mílna vegalengd yfir land þar sem farnast væri, full af krókóðilum, var algengasta sjónin. Þetta mikla afrek er söguþráður þessarar áströlsku kvikmyndar sem alls staðar hefur fengið góða dóma. Aðalhlutverkin leika Jack Thompson og Nigel Haves.

-HK

Rás 2 kl. 13.00 – Söngleikir í New York:

Vofan í óperunni

Ný þáttaröð er nefnist Söngleikir í New York hefst í dag. Þættirnir eru níu talsins og verður þeim útvarpað á sunnudögum. Fyrsti söngleikurinn, sem kynntur verður, er Vofan í óperunni. Tónlistin er eftir Andrew Lloyd Webber, þann hinn sama og gerði tónlistina við söngleikina Jesus Christ Superstar, Evitu, Starlight Express og Cats.

Michael Crawford sem syngur vofuna var valinn besti leikari í söngleik síðastliðinn vetur fyrir túlkun sína á þessu hlutverki, bæði í London og New York.

Vofan í óperunni er vinsælasti söngleikurinn sem sýndur er um þessar mundir, bæði í New York og London. Er uppselt á allar sýn-



Arni Blandon kynnir söngleiki sem sýndir eru í New York.

ingar langt fram í tímann. Umsjónarmaður Söngleikja í New York er Árni Blandon.

Rás 1 kl. 13.00:

Síldarævintýrið á Siglufirði

Í dag hefst sex þátta röð um síldararinn á Siglufirði, nánar tiltekið um upphaf síldveiða og síldarverkunar þar og þær breytingar sem þessi byltingu í íslenskum atvinnuháttum fylgdu.

Umsjónarmenn eru Páll Heiðar Jónsson og Kristján Róbert Kristjánsson. Í þáttunum er stuðst við heimildir um síldararinn á Siglufirði, bæði fyrir og eftir fyrri heimsstyrjöld auk þess sem rætt er við fjölda Siglufirðinga um þann tíma milli

styrjaldanna sem í daglegu tali er kenndur við ævintýrið: síldarævintýrið.

Í fyrsta þættinum, sem er á dagskrá í dag, er fjallað um upphaf reknaveiða fyrir Norðurlandi og löndun og söltun fyrsta síldarfarmsins á Siglufirði, en svo skemmtilega vill til að fyrir liggja heimildir um það hvernær fyrsta síldarfarminn var landað. Ekki einungis dagsetningin heldur einnig klukkustundin.